



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á hátíðarsamkomu í opinberri heimsókn
til Borgarfjarðar eystri**

**Borgarfirði eystri
11. september 2018**

Sveitarstjóri og oddviti,
ágætu heimamenn,
aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd okkar hjóna þakka ég kærlega þann hlýhug og þá gestrisni sem við höfum nú þegar notið á þessum ægifagra stað. Náttúran setur svo sannarlega svip sinn á mannlífið hér, fjöllin brött og hafið vítt. Hvað ætli hafi flogið um huga þeirra sem fyrstir renndu augum um fjöllin litfögru og tóku hér land? Þeir voru víst fjórir sem settust að þar sem nú heita Borgarfjörður og Víkur, Þorkell fullspakur, Veturlíði Ásbjarnarson, Þórir lína og Þorsteinn kleggi, allir með nafnlausu föruneysi.

Kannski brá þessu fólki nokkuð í brún; höfðu látið akra sína í Noregi fyrir kröpp kjör í fjarlægum landi. Frá fyrstu dögum og öldum saman var lífsbaráttan hörð á þessum stað. Margar sögur hafa geymst af fólki sem fórst í skriðum, varð úti á heiðum, lést úr vesöld. Ekki stoðar að slá striki yfir þann hluta héraðs- og þjóðarsögunnar. Hinu má þó líka halda til haga að þrátt fyrir ólgandi haf og einangrun fjallasalar voru íbúar á þessum slóðum sæmilega vel í sveit settir. Og í raun ætti að segja „vegna“ í stað „þrátt fyrir“. Hér var fiskur skammt undan, selur og hákarl, góðar rekafjörur og hér var fugl sem aldrei hafði komist í tæri við harðskeytta veiðimenn, víðlendir hagar og slægjulönd. Þetta sá landnámsliðið.

Forni tíminn var ekki markaður hungri og hörmungum alla tíð. Og fólk stóð gjarnan saman. Á hörðu vori mun Borgfirðingur einn hafa deilt út forða sínum og sagt við sveitunga sína: „Hvers virði yrðu mér mínar ær ef annarra kindur féllu úr hor?“ Frá því má líka segja að undir lok átjándu aldar ollu Skaftáreldar miklum búsifjum og mannfalli víða um land eins og kunnugt er. Þá bjó á Höfn hér í sveit Árni Gíslason og segir svo af honum: „Sparði Árni ... eigi fæðuföng sín við nauðstadda og sat því sjálfur í skorti.“ Hann var hins vegar mikill sjósóknari eins og synir hans og konu hans, Guðlaugar Torfadóttur. Þeir tveir, Jón og Hjörleifur, fóru víst oft á sjóinn með sleif af hákarlalýsi og hákarlsbita með og létu það duga allan róðurinn. Að vísu hikuðu Borgfirðingar aldrei við að eiga viðskipti við erlenda duggara sem sóttu á miðin hér fyrir utan og var þá ort:

Þótt hann geri þokumuggu
það er mér engin pín.
Við skulum róa duggu úr duggu
og drekka brennivín.

Viðskipti við útlendinga voru ábatasöm og brýn nauðsyn. Borgfirðingar urðu hreinlega að láta lög og reglur um verslunareinokun sem vind um eyru þjóta.

Já, fólk bjó hér mann fram af manni, bjargaði sér eftir bestu getu. Og svo kom nútíminn, breyttir búskaparhættir og mannfækkun, ekki af hallærum eða hungursneyð heldur vegna þess að þjóðfélagið og hagkerfið breyttist.

Ágætu gestgjafar! Allt er breytingum háð. Sumt breytist hratt en annað hægar. Hér er umgjörðin stóra sú sama og við landnám, hafið og fjöllin eins magnþrungin. Og þegar vel er að gáð er annað með svipuðu sniði í mannlífinu og áður. Enn hafa Borgfirðingar hag af viðskiptum við útlendinga. Nú koma þeir ekki utan úr hafi á duggum heldur í langferðabifreiðum og bílaleigubílum. Nú er ekki róíð duggu úr duggu heldur gengið tjald frá tjaldi við Álfaborgina og gestirnir greiða sitt sjálfsagða gjald. Fuglinn færir líka björg í bú og náttúran í öllu sínu ægivaldi. Gúggjum „Borgarfjörður eystri“ og þá koma óðar upp leitarorð á ensku í framhaldinu: Puffins og weather, hiking og camping – lundar og veður, göngur og gisting.

Fróðlegt var líka að lesa í nýlegri íbúakönnun að drjúgur meirihluti kvaðst geta hugsað sér að búa hér í náinni framtíð. Mikilvægt þótti að hafa góðan leikskóla og grunnskóla, öfluga heilbrigðisþjónustu, og kjörbúð var líka nefnd. Verslun og viðskipti skipta áfram máli, rétt eins og á dögum einokunarverslunarinnar þegar Borgfirðingar kvörtuðu undan því að þurfa að leita til kaupmanns alla leið til Vopnafjarðar eða Reyðarfjarðar. Bréfið var lesið upp á Alþingi árið 1633 og sagði þar meðal annars: „[K]omast ekki fátækir menn héðan úr sveit í kaupstaðina, þar hér eru margir þeir, sem öngvan færleik

eiga, ... þar með langur og torveldur vegur í kaupstaðina ... svo menn eru ekki skemur en viku aftur og fram á þeirri sinni reisu.“

Góðir áheyrendur! Á sumrin iðar Borgarfjörður eystri af lífi. Íslendingar og ferðamenn að utan setja svip sinn á samfélagið. Bræðslan er auðvitað frábært framtak, tónlistarhátíð sem er þekkt langt út fyrir landsteina, og gaman væri að taka þátt í Dyrfjallahlaupinu eitthvert árið.

Vissulega hefur fólki fækkað hér undanfarna áratugi. Og vetrarmánuðir geta verið erfiðir og allt með öðrum blæ en í sumarblíðu. En engin ástæða er til að leggja árar í bát. Þeir sem vilja búa á þessum slóðum eiga að geta sýnt hvað í þeim býr, stundað hér atvinnu og notið sjálfsagðrar þjónustu.

Ágætu Borgfirðingar og aðrir góðir gestir: Ég ítreka þakkir okkar hjóna fyrir gestrisni ykkar og velvild, með góðum óskum um bjarta framtíð í þessu fallega byggðarlagi.